

Hlustað með eyrum heyrnarskertra

Rannsóknir benda til þess að einn af hverjum sex Evrópubúum þjáist af einhvers konar heyrnarskerðingu. Vakning er að verða í þessum málum, að sögn Ellisifjar Katrínar Björnsdóttur heyrnarfræðings.

„Það að heyra illa hefur svo mikil og slæm áhrif á líf fólks. Maður þarf jú að heyra í fólkinu í kringum sig,“ segir Ellisif Katrín Björnsdóttir heyrnarfræðingur. Hún rekur fyrirtækið Heyrn ehf. í Hlíðarsmára í Kópavogi, sem veitir sérhæfða þjónustu til að bæta úr heyrnarskerðingu. Hún lærði heyrnarfræði í Gautaborgarháskóla og hefur hlotið löggildingu sænskra yfirvalda.

„Það hefur orðið vakning í því að heyrnartæki eru hjálpartæki, alveg eins og gleraugu. Heyrnarskerðing hrjáir heldur ekki bara eldra fólk,“ segir Ellisif. Hún segir fólk smám saman vera að gera sér grein fyrir mikilvægi góðrar heyrnar. „Það skiptir máli að byrja fyrr en seinna að vera með heyrnartæki. Með því að nota tækið virkjast heyrnarstöðvarnar og þannig hægt á hrörnun þeirra.“

Mikil þróun hefur átt sér stað í heyrnartækjum og hönnun þeirra undanfarin ár. Tækin í Heyrn eru öll af nýjustu gerð, frá fyrirtækinu ReSound. „Áður voru magnarar sem mögnuðu upp öll hljóð. Núna efla tækin heyrnina á eðlilegan hátt svo fólk bara gleymir því að það sé með það í eyranu.“

Ellisif segir að heyrnarskerðing sé ekki bara líkamleg, heldur einnig félagsleg. Ómeðhöndluð



ELLISIF KATRÍN Ellisif er einn þriggja einkaaðila í heyrnarmælingum á Íslandi.



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

heyrnarskerðing geti jafnvel leitt af sér þunglyndi. Oft sé þó erfitt fyrir fólk að gera sér grein fyrir heyrn sinni sjálf. „Þess vegna er mikilvægt að fara í heyrnarmælingu og komast að raun um hvernig heyrnin er. Það þarf enga tilvísun til að láta mæla sig.“

Svo er ekki nóg að fara í mælingu og fá heyrnartæki. Aðstand-


endurnir þurfa líka að vera með í þessu.“ Með nýstárlegum hugbúnaði er hægt að leyfa fólki að heyra tal eða tónlist með eyrum þess heyrnarskerta. „Þá er hægt að gera sér aðeins grein fyrir því hvernig þetta er. Þegar aðstandendur upplifa þetta sjálfir er skilningurinn miklu meiri.“

Íslendingar passa oft ekki næg-

ilega vel upp á heyrn sína. Fólk sem starfar við tónlist eða í miklum hávaða þarf sérstaklega að passa þetta. „Við erum með heyrnartappa sem eru sérsmíðaðir í eyrun á hverjum og einum. Þeir dempa hávaða en tal og tónlist heyrast samt í gegn. Þetta er auðvitað mjög sniðugt fyrir tónlistarfólk og fólk sem er mikið í hávaða.“


thorunn@frettabladid.is

FRÉTTA-
BLAÐIÐ
10.08.07
síða 16



MÖGULEG MERKI HEYRNARSKERÐINGAR

- Hvár oft.
- Öðrum finnst þú stilla útvarp eða sjónvarp of hátt.
- Finnst hljóð lágvær og að aðrir muldri þegar þeir tala við þig.
- Hefur són í eyrunum.
- Heyrir illa þegar þú talar í símann.
- Átt erfitt með að taka þátt í samtali þar sem er hávaði eða margmenni.
- Það er hávaði á vinnustaðnum þínum.
- Átt auðveldara með að skilja karlmannsrödd en konurödd.
- Það veldur þér vandræðum að missa úr því sem sagt er þegar þú hittir ókunnuga.
- Ferð sjaldan á mannamót vegna þess að þú átt erfitt með að ná því sem um er talað.
- Það veldur þér depurð að þú heyrir ekki vel.



HEYRNARTÆKI Mikil þróun hefur verið í gerð heyrnartækja og hönnun. Ný tæki efla heyrnina á eðlilegan hátt en magnar ekki

VAD ER SÍMINN?